

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

672. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra haldinn þriðjudaginn 22. nóvember 2010 kl. 14:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins.
2. Tölvupóstbréf Péturs Vilhjálmssonar.
3. Bréf Einars K. Guðfinnssonar.
4. Fundargerð stjórnar SSNV frá 9. nóvember sl.
5. Álagning útsvars 2011.

Afgreiðslur:

1. Fram lagt til kynningar bréf Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins þar sem minnt er á ákvæði sveitarstjórnarlaga um gerð og skil fjárhagsáætlana.
2. Fram lagt tölvupóstbréf Péturs Vilhjálmssonar þar sem gerðar eru athugasemdir við verklagsreglur eftirlitsmanns með lausagöngu búfjár varðandi lausagöngu graðhesta. Byggðarráð samþykkir að vísa athugasemdunum og reglunum til skoðunar landbúnaðarráðs.
3. Fram lagt til kynningar bréf Einars K. Guðfinnssonar, alþingismanns þar sem hann kynnir framlagt frumvarp sitt um heimild til endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna refa og minkaveiða. Byggðarráð fagnar frumvarpi alþingismannsins. Byggðarráð samþykkir að vísa bréfinu og frumvarpinu til kynningar landbúnaðarráðs.
4. Til kynningar lögð fram fundargerð stjórnar SSNV frá 9. nóvember sl. Skúli Þórðarson, sveitarstjóri skýrði einstaka liði fundargerðarinnar.
5. Byggðarráð samþykkir að álagning útsvars 2011 verði sú sama og á árinu 2010 þ.e. 13,28%. Útsvarsálagningin mun þó hækka um 1,20% og verða 14,48% á árinu 2011 að því gefnu að undirritað verði samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga um verkefnatilflutning vegna málefna fatlaðra og lögum breytt því til samræmis m.a. hvað varðar heimildir sveitarstjórna til útsvarsálagningar.
Samþykkt að taka á dagskrá:
6. Fram lagt fundarboð frá formanni Veiðifélags Víðidalsár þar sem fulltrúar landeigenda Víðidalsár ofan Kolufossa eru boðaðir til viðræðna við stjórn veiðifélagsins í Víðigerði 22. nóvember 2010 kl. 20:00. Byggðarráð samþykkir að sveitarstjóri sækir fundinn og oddviti til vara.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 14:40

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán E. Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi,

Elín Jóna Rósinberg.